



Skólanefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

29. fundur Skólanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í Stjórnsýsluhúsinu Borg, 4. júní 2025 klukkan 14:15.

Fundinn sátu:

Pétur Thomsen, formaður, fulltrúi sveitarstjórnar
Guðmundur Finnbogason, fulltrúi sveitarstjórnar
Anna Margrét Sigurðardóttir, fulltrúi sveitarstjórnar
Sigrún Hreiðarsdóttir, skólastjóri
Guðrún Ása Kristleifsdóttir, deildarstjóri grunnskóla
Sigríður Þorbjörnsdóttir, deildarstjóri leikskóladeildar
Anna Katrín Þórarinsdóttir, fulltrúi kennara, forfallaðist
Bryndís Edda Eðvarðsdóttir, fulltrúi foreldra
Fjóla Kristinsdóttir, sveitarstjóri

Fundargerðin var rituð í tölvu og hana ritaði Guðmundur Finnbogason.

1. Reglur um frístundarheimili Kerhólsskóla

Farið var yfir reglurnar eins og þær komu frá Sveitarstjórn. Umræður fóru fram og tillögurnar samþykktar og sendar aftur til sveitarstjórnar til afgreiðslu.

2. Aðbúnaður í skólanum fyrir næsta vetur

Gerð var verðkönnun á húsgögnum sem var kynnt á fundinum. Skólanefnd lýst mjög vel á þessar hugmyndi og vísar málinu til sveitarstjóra sem vinnur það áfram með stjórnendum skólans. Mikilvægt er að skoða ástand húsnæðis í tengslum við viðgerðir á þaki vegna leka.

Nokkrum atriðum varðandi aðbúnað í skólahúsnæðinu er vísað til nefndar um skólahúsnæði og sveitarstjóra til frekari vinnslu

3. Nefnd um skólahúsnæði

Formaður fór yfir störf nefndarinnar og sagði meðal annars frá heimsókn í Þjórásarskóla og í Flóaskóla. Stefnt er á að skila tillögum í september. Skólanefnd fagnar þeirri vinnu sem hefur verið unnin. Það er mjög mikilvægt að vinna góðar framtíðaráætlanir enda er fjölgun í sveitarfélaginu.



Skólanefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

4. Kynning á lokaskýrslu starfsendarannsóknar á flæði í leikskólastarfi Kerhólsskóla

Sigríður fór yfir helstu niðurstöður verkefnisins. Verkefnið hefur skilað rólegri nemendum og meiri vellíðan í starfinu öllu. Skólanefnd þakkar fyrir þetta metnaðarfulla verkefni og hvetur til þess að það sé kynnt reglulega fyrir foreldrasamfélaginu.

5. Önnur mál

- a. Skólastjóri hefur verið ráðin eftir auglýsingar. Skólanefnd óskar Sigrúnu til hamingju með ráðninguna og hlakkar til áframhaldandi samstarfs.
- b. Stundatöflur eru í vinnslu en ráðningar eru enn í gangi svo að þær klárast ekki að fullu fyrr en að því loknu.
- c. Auglýst hefur verið eftir Aðstoðarleikskólastjóra og Aðstoðarskólastjóra.
- d. Næsti fundur verður boðaður að loknu sumarleyfi.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 16:00.